

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 399/1993 um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar.

#### 1. gr.

2. máls. 12. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fjárhæð bóta fyrir hverja kind skal miða við 24 kg fallþunga og tvöfalt kjötverð í verðflokknum F I, auk sláturs og gæru, samkvæmt því verði sem gildi 1. júní 1995.

#### 2. gr.

4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Beinar greiðslur ríkissjóðs til framleiðenda sauðfjárafurða greiðast á fjárleysitímanum. Þær greiðast á sömu gjalddögum og væri um framleiðslu að ræða. Þær taka breytingum á sama hátt og greiðslumark jarðarinnar gerir á fjárleysistímanum. Beinar greiðslur ríkissjóðs koma til frádráttar þeim bótum sem ákveðnar verða fyrir hvert fjárleysisár skv. 1. mgr. en það sem eftir stendur greiðist í einu lagi í september ár hvert, sbr. 1. mgr.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 25 7. apríl 1993 um dýra-sjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Greiða skal bætur samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar til þeirra framleiðenda sauðfjárafurða sem skorið hafa niður bústofn sinn til útrýmingar á riðuveiki eftir 1. september 1995, en hafa ekki fengið greiddar bætur vegna niðurskurðarinnar.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 18. apríl 1996.*

**Guðmundur Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

Nr. 239

1. apríl 1996

## SAMÞYKKT

### bæjarstjórnar Ólafsfjarðar um útivistartíma barna og unglunga í Ólafsfirði.

#### 1. gr.

Börn, 11 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

#### 2. gr.

Unglingar á aldrinum 12 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára	eftir kl. 21.00
13 ára	eftir kl. 22.30
14-16 ára	eftir kl. 23.00,

nema þau séu í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

## 3. gr.

Undantekning frá 2. gr. er að á föstudögum og laugardögum er unglingum á aldrinum 12 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára	til kl. 22.00
13 ára	til kl. 24.00
14-16 ára	til kl. 01.00.

## 4. gr.

Á tímabilinu 1. júní til 1. september er börnum og unglingum óheimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára og yngri	eftir kl. 22.00
13 til 16 ára	eftir kl. 24.00.

Sú undantekning sem getið er í 3. gr. um 14-16 ára unglunga skal einnig gilda fyrir tímabilið 1. júní til 1. september.

## 5. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt reglum þessum skulu miðuð við fæðingarár.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi staðfesting nr. 558/1995.

*Félagsmálaráðuneytinu, 1. apríl 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Anna G. Björnsdóttir.*

17. apríl 1996

Nr. 240

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Akranesveitu nr. 666 27. desember 1995.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Akranesveitu, er taki gildi 1. maí 1996.

#### B-hluti

		Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1	Almenn notkun	2.281	6,11
B1	Heimilisnotkun	2.281	5,78
B2	Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.401	7,00
C1	Stórnotkun (Afltaxti)	25.980	2,51
	Aflgjald kr/kW/ár	7.237	
D1	Hitun án rofs	3.975	5,72
D2	Hitun, rof 1,5 klst.	3.975	3,09
D3	Hitun, rof 2,5 klst.	3.975	2,79
D4	Næturhitun	3.975	2,01
D5	Sumarhitun	3.975	2,15
D6	Rof breytilegt	3.975	2,54
E1	Sérsamningar		
E2	Gatna- og hafnarlýsing	25.168 kr/kVA/ár	
E3	Lokun og enduropnun veitu	1.089	
E4	Innheimtugjald	525	
E5	Álestrargjald	525	